

Fundargerð aðalfundar FFR 31. maí 2016

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana, haldinn á Grand hóteli í Reykjavík þriðjudaginn 31. maí 2016 kl. 11-13.

Fundarstjóri: Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár Íslands

Fundarritari: Guðjón Brjánsson, forstöðumaður Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

1. Setning fundar: Björn Karlsson, formaður FFR

Björn Karlsson, formaður FFR setti fund og stakk upp á Margréti Hauksdóttur sem fundarstjóra og Guðjóni Brjánssyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófataki. Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmæti fundarins, en hann skal boðaður með a.m.k. 14 daga fyrirvara skv. lögum félagsins og skal halda hann fyrir málok. Ekki voru gerðar athugasemdir við lögmæti fundarins.

2. Dr. Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra

Gylfi Magnússon gaf sögulegt yfirlit yfir Lýðræðisþróun á Íslandi, allt frá landnámi fram á vora daga. Hann lýsti sérstaklega þróun stjórnsýslunnar undanfarna áratugi og ræddi stöðu stjórnsýslunnar í dag.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðasta starfsárs: Björn Karlsson, formaður FFR

Björn Karlsson formaður FFR flutti skýrslu stjórnar. Hann rakti starfsemi félagsins síðastliðið ár, samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða, fræðslufundi, dómsmál og önnur hagsmunamál félagsmanna. Hann nefndi sérstaklega tvennt sem hefði einkennt vinnu stjórnar á starfsárinu. Á haustmánuðum 2015 var mikil áhersla lögð á vinnu við kröfu forstöðumanna um launahækkun, en kjararáð kvað loks upp úrskurð um 9,3% launahækkun til handa forstöðumönnum um miðjan nóvember 2015 (sem tók gildi í mars 2015), ásamt hækkun á virði eininga. Á vormánuðum 2016 fékk FFR 5.000.000 kr styrk frá Starfsmenntunarsjóði embættismanna, fremst til þess að vinna að þróun ýmissa mælikvarða er varða starfsumhverfi forstöðumanna. Á félagsfundi FFR 28. apríl var ákveðið að ráða starfsmann í u.þ.b. 20% starf til að sinna þessu verkefni og sagði Björn að Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, fyrrverandi skólameistari Kvennaskólans hefði samþykkt að taka starfið að sér í 9 mánuði frá 1. september 2016. Björn bað um að þessi samþykkt yrði sérstaklega tekin upp undir liðnum önnur mál til að sjá hvort fundarmenn væru almennt samþykkir þessum ráðahag.

Björn þakkaði fráfarandi formanni FFR, Borghildi Erlingsdóttur sem og stjórn og starfskjaranefnd fyrir ánægjulegt samstarf og þakkaði sérstaklega Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi formanni félagsins, dyggan stuðning á árinu. Ársskýrsla stjórnar FFR fyrir starfsárið 2015-2016 er vistuð á vefsíðu félagsins, www.ffr.is.

4. Skýrsla starfskjaranefndar: Ársæll Guðmundsson, fulltrúi í starfskjaranefnd FFR

Ársæll flutti skýrslu starfskjaranefndar og sýndi línurit þar sem launaþróun ýmissa hópa, svo sem dómara og þingmanna, var borin saman við launaþróun forstöðumanna, sem og við launavísitölu. Fram kemur að laun forstöðumanna hafa ekki þróast á jafn eðlilegan hátt og launa dómara. Ársæll lýsti einnig því dómsmáli sem félagið stendur að, en Valbjörn Steingrímsson forstöðumaður Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi höfðaði mál til ógildingar á tveimur úrskurðum kjararáðs frá 2011. Kröfum félagsins var hafnað í héraðsdómi, og hæstiréttur hafnaði þeim einnig, en féllst á héraðsdómur skuli taka til efnislegrar meðferðar þrautaprautavarakröfu um að kjararáði hafi borið að afturkalla launalækkun stefnanda frá og með 1. desember 2010. Héraðsdómur hafnaði kröfum félagsins, en félagið áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, og er vonast eftir úrskurði haustið 2016.

5. Lagðir fram reikningar: Kristín Linda Árnadóttir, gjaldkeri FFR

Kristín Linda Árnadóttir lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá. Rekstrarreikningur sýndi að félagsgjöld voru mjög svipuð og útgjöld, nema það að félagið fékk 5.000.000 styrk, sem notast mun til að ráða starfsmann í u.þ.b. 20% starf í 9 mánuði 2016/2017. Félagið stendur þannig vel og voru reikningar samþykktir.

6. Lagabreytingar

Ein tillaga um lagabreytingu barst frá stjórn félagsins. Gekk hún út á að stjórn félagsins yrði ekki skipt í aðalstjórn, skipuð 5 mönnum, og varastjórn, skipuð 3 mönnum, heldur yrði til ein stjórn félagsins, skipuð 8 mönnum. Tillagan er fram komin vegna þess að undanfarna áratugi hefur ekki verið gerður neinn greinarmunur á aðalstjórn og varastjórn og því talin ástæða til að sameina þær í eina stjórn. Nokkur umræða varð á aðalfundinum um tillöguna. Meðal annars var bent á að ekki væri æskilegt að hafa jafna tölu manna í stjórn. Stjórn félagsins ákvað því að draga lagabreytingartillöguna til baka, enda engum vandkvæðum bundið að fylgja áfram þeim hefðum sem skapast hafa um stjórn félagsins undanfarna áratugi.

7. Kosning stjórnar og formanns: Magnús Guðmundsson, formaður uppstillingarnefndar

Í uppstillingarnefnd sátu Magnús Guðmundsson og Margrét Hauksdóttir. Magnús gerði grein fyrir tillögu nefndarinnar um formann, stjórn og varastjórn. Formaður: Björn Karlsson, og var sú tillaga samþykkt með lófataki. Í stjórn: Halldór Ó. Sigurðsson, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Kristín Linda Árnadóttir og Margrét Hallgrímsdóttir, í varastjórn: Borghildur Erlingsdóttir, Guðjón S. Brjánsson og Eyþór Björnsson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

8. Kosning fulltrúa í starfskjaranefnd: Magnús Guðmundsson, formaður uppstillingarnefndar

Magnús Gerði einnig grein fyrir tillögu uppstillingarnefndar um fulltrúa í starfskjaranefnd: Tryggvi Axelsson, Ársæll Guðmundsson og Sveinn Runólfsson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

9. Kosning tveggja endurskoðenda og jafn margra til vara

Magnús Guðmundsson gerði grein fyrir tillögu um endurskoðendur: Gestur Steinþórsson og Ásta Sigrún Helgadóttir, til vara: Gissur Pétursson og Eyjólfur Sæmundsson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

10. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár

Kristín Linda Árnadóttir lagði fram tillögu um að árgjald yrði hækkað úr 15.000 kr/ár í 25.000 kr/ár. Ástæða hækkunarinnar er m.a. aukin útgjöld og fækkun forstöðumanna. Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

Björn Karlsson upplýsti um að Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrverandi skólameistari Kvennaskólans, hefði samþykkt að starfa fyrir félagið í um það bil 20% starfi í 9 mánuði frá 1. september. Björn bað fundarmenn að lýsa afstöðu sinni til þessa máls og var samhljóða samþykkt að félagið gengi til samninga við Ingibjörgu um þennan ráðahag.

Björn þakkaði fráfarandi stjórnarmeðlimi, Sigríði Lillý Baldursdóttur og féлага í starfskjaranefnd til margra ára, Indriða H. Þorlákssyni, fyrir langvarandi og óeigingjarnt starf fyrir félagið.

Fundarstjóri óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og sleit fundi.